

Útgjöld til háskólastigsins 1,3 - 1,7% af vlf árið 2002

Samkvæmt skýrslu OECD [Education at a Glance 2004](#) námu heildarútgjöld Íslendinga til menntamála um 6,7% af vergri landsframleiðslu árið 2001. Ísland var þá í 4. sæti OECD ríkjanna og hafði færst upp um tvö sæti frá árinu áður. Samkvæmt skýrslunni vorðu Íslendingar 0,9% af vergri landsframleiðslu til háskólastigsins.

OECD byggir skýrslu sína á upplýsingum frá Hagstofu Íslands sem er um þessar mundir að yfirfara flokkun útgjalda til menntamála með tilliti til alþjóðlegra staðla og breytinga á menntastofnunum á síðustu árum. Samanburður milli landa getur verið gagnlegur en hann er einnig varasamur vegna þess að menntakerfi og skipulag þjónustu á sviði menntamála er mismunandi eftir löndum og reikningshald stofnana ekki sniðið sérstaklega að þörfum hagskýrslugerðar. Því getur verið flókið að finna nákvæmlega réttar tölur.

Útgjöld ríkis og sveitarfélaga hér á landi eru vanmetin í skýrslu OECD að mati fjármála- og menntamálaráðuneyta. Fullyrða má að Ísland hafi ráðstafað 7,2% af vergri landsframleiðslu til menntamála árið 2001 og þar með verið í 2. sæti. Mestu munar um útgjöld til háskólastigsins m.a. vegna stofnkostnaðar háskóla, aðildar að áætlunum Evrópusambandsins á sviði rannsókna, þróunar- og menntamála, rannsóknarsjóða og rannsóknarstofnana, útgjalda Landspítala-Háskólasjúkrahúss vegna kennsluhlutverks hans og hluta útgjalda Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands námu útgjöld til háskóla og rannsókna um 8.500 m.kr. eða 1,1% af vergri landsframleiðslu árið 2002. Þá var ekki tekið tillit til útgjalda vegna Lánasjóðs Íslenskra námsmanna, en hins vegar tekið tillit til ýmissa annarra frádráttarliða, svo sem Hapdrættis HÍ og skólajalda.

Samkvæmt mati menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis á útgjöldum til háskóla og rannsókna námu útgjöld til þessa málaflokks hins vegar um 9.800 m.kr. árið 2002 miðað við fyrrgreinda frádráttarliði. Mismunurinn er því rúm 1,3 milljarðar króna.

Það er niðurstaða mennta- og fjármálaráðuneyta að ýmsir fjárlagaliðir hafi verið vantaldir vegna útreikninga á útgjöldum til háskóla og rannsókna árið 2002. Þar á meðal eru rannsóknar- og tæknisjóðir, rannsóknarstofnanir og alþjóðleg samskipti. Í öllum tilfellum nema einu er um að ræða stofnanir sem í fjárlögum falla undir útgjaldaflokkinn háskólar og rannsóknarstarfsemi. Þess má einnig geta að samkvæmt upplýsingum Landspítala-Háskólasjúkrahúss ver stofnunin 800-1000 m.kr. til kennslu og rannsókna.

Það er niðurstaða ráðuneytanna að útgjöld til háskóla og rannsókna hafi numið nær 1,3% af vergri landsframleiðslu árið 2002 og er þá ekki reiknað með útgjöldum til Landspítala-Háskólasjúkrahúss (LSH). Séu hins vegar útgjöld vegna LSH reiknuð með og útgjöld leiðrétt í samræmi við upplýsingarnar hér að framan má ætla að hlutfall útgjalda til háskóla og rannsókna hafi verið tæplega 1,4% af vergri landsframleiðslu.

Útgjöld til Lánasjóðs Íslenskra námsmanna er undanskilin í ofangreindum upplýsingum. Ef útgjöld til LÍN er bætt við ofangreinda tölu (1,4%) yrðu heildarútgjöld til háskóla og rannsókna 1,7% af vergri landsframleiðslu.

Menntamálaráðuneyti mun í samvinnu við Hagstofu Íslands vinna að því að flokkun útgjalda til menntamála verði felld að alþjóðlegum stöðlum.



Maria Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla, afhendir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur nýtt námsefni SAFT fyrir hönd grunnskóla landsins, á alþjóðlegum netöryggisdegi 8. febrúar.

Alþjóðlegur netöryggisdagur 8. febrúar

Heimili og skóli - landssamtök forelda hafa tekið að sér að vinna tveggja ára verkefni um örugga netnotkun barna og unglinga á Íslandi, svokallað **SAFT verkefni** (samfélag, fjölskylda og tækni). Verkefnið er unnið innan ramma **Safer Internet Action** áætlunar Evrópusambandsins. Menntamálaráðuneyti er samningsaðili við Evrópusambandið og hefur falið Heimili og skóla að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd. Styrkur Evrópusambandsins nemur samtals 25 milljónum kr. Markmið með verkefninu er að hanna og framkvæma ákveðið, samræmt og markvisst vakningarátak um örugga og ábyrga notkun á netinu og nýjum miðlum og efla vitund um hvernig hægt er að njóta netsins á öruggan, jákvæðan, skemmtilegan og fræðandi hátt.

Hinn 8. febrúar var sameiginlegur netöryggisdagur (Safer Internet Day) í Evrópu þar sem vakinn var athygli á þeim verkefnum sem unnið er að á þessu sviði í hverju landi fyrir sig og um leið á sameiginlegu átaki Evrópuþjóða. Heimili og skóli stóð að sérstakri dagskrá í Hlíðaskóla í tilefni af alþjóðlega netöryggisdeginum þar sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, tók við kennsluefni SAFT fyrir hönd grunnskóla landsins. Námsefnið er hannað til að aðstoða og styðja kennara við að fræða nemendur um örugga og ábyrga notkun á netinu. Einnig fylgja efninu 10 netheilræði til foreldra. Á netöryggisdeginum var einnig hleypst af stokkunum sögusamkeppni í öllum þátttökulöndunum fyrir grunnskólanemendur á aldrinum 9-16 ára.

Á vef verkefnisins, www.saft.is, má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar er varða örugga netnotkun og þar er námsefnið einnig aðgengilegt. Einnig hefur verið opnuð ný evrópsk vefgátt í tengslum við þetta samstarfsverkefni: www.safer.internet.org.

Verið er að leggja lokahönd á nýja stefnu menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum undir yfirskriftinni **Áræðni með ábyrgð**. Þar er fjallað um stefnu ráðuneytisins á öllum sviðum netnotkunar og lögð mikil áhersla á að upplýsingatækni sé nýtt til hins ítrasta í menntakerfinu og samfélaginu almennt. Í stefnunni er í fyrsta sinn sérstakur kaflinn um síðferði og öryggi og velferð barna. Þar er sett það meginmarkmið að íslensk ungmenni nýti tölvutækni og netið á ábyrgan og öruggan hátt.



F.v. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Páll Skúlason, Björgólfur Thor Björgólfsson og Geir H. Haarde

Viljayfirlýsing undirrituð

Sameiginleg [viljayfirlýsing](#) um breytingar á starsfemi Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands var undirrituð í hátíðarsal Háskóla Íslands af þeim Páli Skúlasyri rektor og Björgólfi Thor Björgólfssyni, formanni stjórnar sjóðsins, á miðvikudag. Í yfirlýsingunni er kveðið á um aukna styrki úr sjóðnum til rannsóknatengds framhaldsnáms við HÍ og jafnframt mun sjóðurinn leggja 500 milljónir króna á næstu þremur árum til byggingar Háskólatorgs. Nemur þetta framlag um þriðjungi af kostnaði við byggingu torgsins en að auki koma til framlög frá Félagsstofnun stúdenta, Hapdrætti HÍ og úr ríkissjóði. Háskólayfirvöld stefna að því að framkvæmdir við Háskólatorgið geti hafist á næsta ári og að það verði tekið í notkun árið 2007. Með Háskólatorgi myndast tenging á milli bygginga á háskólasvæðinu við Suðurgötu.

